

Borgarráð 18.7.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nýja fargjaldastefnu Strætó - R19070163

Í fundargerð Strætó bs., dags. 21. júní 2019, segir að fyrir fundinum liggi drög að forsendum nýrrar fargjaldastefnu. Hefur sú stefnu verið kynnt opinberlega og kallað eftir viðbrögðum borgarbúa? Í þessu sambandi vill borgarfulltrúi Flokks fólksins minna á allt tal meirihlutans um að hafa samráð við borgarbúa og hafa framkvæmdir og breytingarferli gegnsætt. Kallað er eftir meirihluti borgarstjórnar efni þetta loforð. Strætó er í meirihluta eigu borgarinnar og ætti borgin því að hafa bæði skoðun og áhrif á málefni Strætó bs.